

FUNDARGERÐ

381. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 8. nóvember 2016 kl. 9.15 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Prúður Þorkelsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Erna Indriðadóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Staðan í dag og næstu stórverkefni

Rætt um almannatryggingarfrumvarpið, þær breytingar sem fram komu á frumvarpsdrögum eftir fundinn í Háskólabíói. Framvinda frumvarpsins og hvernig þau mál fóru fyrir og á fundum velferðarnefndar Alþingis. Á seinni fundum nefndarinnar var ekki tekið tillit til athugasemda FEB um frítekjumarkið og niðufellingu grunnlífeyris. Engar athugasemdir við frumvarpið komu fram af hálfu LEB heldur var hvatt til samþykktar þess óbreytt.

Hvernig náum við að rótum vandans? Hvernig á að taka á þessu?

Ekki er hægt að láta kyrrt að lögin nái fram í þeirri mynd sem þau voru samþykkt.

Nokkrar leiðir ræddar;

Fá verkalyðsfélög í samvinnu í sambandi við frítekjumarkið.

Hreyfing er innan hóps „lífeyrisþega“ – sumir fá meira, aðrir skerðast.

Safna upplýsingum en hér er um flókna útreikninga og mat t.d. hver er ávinningurinn.

Hvað bættist við frá upprunalegum frumvarpi til þess sem svo náðist þó fram að tilstuðlan FEB / Gráa hersins. – Mikilvægt að fá slíkt fram og hefur verið kallað eftir því frá ráðherra.

Vígstaða FEB var erfið þar sem margoft koma fram m.a. af hálfu þingmanna / ráðherra að LEB „heilðarsamtök eldri borgara hafi verið hlynnt frumvarpinu eins og það koma fram fyrst og hvatt til samþykktar þess“.

Samþykkt að FEB herði róðurinn sem komi þá fram víða.

Næstu stórverkefni;

Neytendamál – Verðlagsmál samstarf við Neytendasamtökin sem þegar hefur rætt við Tryggingariðgjöld

Tannlæknaþjónusta við aldraða. Hver er skuld ríkisins við aldraða?

2. Staða mála í Félagsiðstöðinni Árskógum og hvernig á að bregðast við?

Farið yfir reynsluna þar sem margt kemur upp. Reynt að dreifa dagskránni á Stangarhyl og Árskóga en hér koma inn í þættir eins og hver greiðir fyrir viðburði? Ekki hefur orðið fjölgun í þeim þáttum sem færðir hafa verið í Árskóga, frekar að hafi leitt til fækkunar.

3. Fræðslufundir á næstunni

Samþykkt tillaga um þessa fundi og dagsetningar

16. nóv. Lífeyrissjóðirnir

21. nóv. Skerðingar – framfærsluviðmið

28. nóv. TR - Tryggingastofnun – Hvað felst í nýjum lögum um almannatryggingar?

Allir fundirnir hefjast kl. 15.30 og verða hér í Stangarhylnum.

4. Könnun félagsins á framlagi eldra fólks til samfélagsins

Kynningar á niðurstöðum könnunarinnar verða í upphafi næsta árs. Einngi að kynnt verði á opnum vettvangi fyrir stjórnvöldum / borgaryfirvöldum.

5. 30 ára afmælið í lok árs

Samþykkt var að kynning á niðurstöðum rannsóknar á Framlagi eldri borgara til samfélagsins yrði lokaverk afmælisárs félagsins. Stefnt er að kynningum í kringum áramótin í samráði við höfunda skýrslunnar þær Amalíu Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur.

6. Önnur mál

- Heilsuefning skýrsla sem vinnuhópur á vegum Borgarinnar vann undir liðveislu Ellerts verður innlegg í Aldursuænar borgir.
- Ragnhildur sem sæti á í Ferlinenfund gerði grein fyrir nýlegum skoðunar- / úttektarferðum nefndarmanna. „Nefndin vinnur sitt verk með sóma og er virk“ segir Ragnhildur.
- Nokkur orð um fund framkvæmdstjóra FEB og fulltrúa Samtaka aldraðra með tveim borgarfulltrúum / forseta borgarstjórnar vegna sífelldra tafa á lóðamálum félaganna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.30.